

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. desember 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-71/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa f.h. tengdasonar síns vegna galla sem þau telja vera á farsíma, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupnum verði rift og greiðslur gangi til baka.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 28. ágúst sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 13. september. Með bréfi, dags. 16. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 30 september. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 21 nóvember, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 30. júní 2012 keypti tengdasonur álitsbeiðanda farsíma af gerðinni iPhone 3Gs af seljanda fyrir kr. 77.670. Var síminn keyptur með raðgreiðslum til 18 mánaða. Segir álitsbeiðandi að tengdasonur hennar hafi tekið eftir því að bakhlið símans hafi byrjað að bólгна út og sprungur komið í plast. Hinn 12. júlí sl. var farið með símann til seljanda sem sendi hann áfram til þjónustuaðila. Hinn 19. júlí fékk tengdasonur álitsbeiðanda símann til baka með þeim skilaboðum að rispuna á símanum mætti að öllum líkindum rekja til meðferðar hans sjálfs á símanum. Þetta telur tengdasonur álitsbeiðanda ekki getað staðist, líklegra sé að rafhlaða símans sé að bólгна út og að það hafi valdið því að sprunga kom í bakhlið símans. Fór álitsbeiðandi því næst sjálf með símann til seljanda og áframsendi seljandi símann til annars þjónustuaðila en í fyrra skiptið. Var niðurstaðan sú sama, þ.e. að þjónustuaðilinn taldi að síminn væri í lagi og rispuna á bakhliðinni mætti rekja til notkunar eiganda símans. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi engu að síður boðið afslátt af nýrri bakhlið og rafhlöðu í símann.

Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi þá kröfu að kaupnum verði rift og að þær greiðslur sem tengdasonur álitsbeiðanda hefur þegar reitt fram verði endurgreiddar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er vinnuskýrsla frá Z, dags. 6. ágúst sl. Þar segir orðrétt: „Ástand rafhlöðu er eðlilegt, sprunga við hleðslutengi flokkast undir eðlileg ware and tare.“ Þá fylgja einnig tölvupóstsamskipti álitsbeiðanda við starfsmann B, dags. 23. júlí sl. Þar segir m.a.: „Sæl, það var ekkert að batterí í tækinu. Það var ekki ástæða þess að sprungur voru komnar í tækið. Sprungurnar eru tilkomnar vegna meðferðar á tæki. Batterí prófaðist í lagi og var ekki bólgið. [...]“ Munu þessir tveir aðilar þjónusta seljanda vegna símtækja af þeirri gerð sem deilt er um í málinu.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að umræddur sími hafi verið sendur til B og síðan áfram til Z til athugunar. Seljandi vinni eingöngu með viðurkenndum viðgerðaraðilum sem þessi fyrirtæki séu bæði. Frá þeim hafi komið samhljóma álit um að ekkert væri að rafhlöðu farsímans en sprungur væru tilkomnar vegna meðferðar á tækinu. Með vísan til þessa hafnar seljandi kröfum álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni iPhone 3Gs af seljanda hinn 30. júní 2012 fyrir kr. 77.670. Kvartaði álitsbeiðandi undan galla á símanum við seljanda hinn 12. júlí sl., þ.e. rétt rúmu ári eftir að kaup fóru fram.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað þá fresti sem neytendur hafa til að bera fyrir sig galla við seljanda. Í 2. mgr. sömu greinar segir m.a.: „Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið fyrir sig gallann síðar.“ Að mati kærunefndarinnar kvartaði álitsbeiðandi undan galla á farsímanum í tæka tíð í skilningi 27. gr. laganna.

Sem fyrr greinir telur álitsbeiðandi að síminn sé haldinn galla, þ.e. að rafhlaða símans hafi bólgnað og valdið því að sprunga kom í bakhlið símans. Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Meðfylgjandi álitsbeiðni voru skriflegar yfirlýsingar tveggja viðgerðaraðila sem skoðað höfðu umræddan síma. Var niðurstaða þeirra beggja sú að rafhlaða símans væri í lagi og að rispu á símanum mætti rekja til notkunar eiganda hans á honum. Þá tók annar þessara aðila sérstaklega fram að rafhlaðan væri ekki bólgin. Er niðurstaða umræddra aðila því þvert á fullyrðingar álitsbeiðanda um ástand farsímans. Þá styðja engin gögn í málinu fullyrðingar álitsbeiðanda. Getur kærunefndin því ekki fallist á að umræddur farsími sé haldinn galla í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. og 15. gr. sömu laga. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VI
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir